

skuld, sem hvíli á skattþegni þegar 31. desember. Annars væri þetta ákvæði óþarft, þar sem það leiði af 3. mgr. 41. gr. laga nr. 77 frá 27. júní 1921, að óheimilt er að slita félagi fyrr en skuldir, þar á meðal álagðir skattar, hafa verið greiddir.

Þá er það mjög ólíklegt, að löggjöfin hafi litið svo á, að væntanlegir skattar séu „skuld“ í merkingu laga nr. 6 frá 9. janúar 1935, sbr. einkum 14. og 17. gr. þeirra, þar sem það væri næsta erfitt verk fyrir skattyfirvöldin að leggja á skatta og útsvör, ef svo væri. Þyrftu þau þá jafnan að vita nákvæmlega, hve há gjöld hvort um sig ætlaði að leggja á skattþegninn, svo að hægt væri að draga þau frá, áður en eignarskattur væri endanlega ákveðinn. Einnig mundu síðari breytingar á álögðum opinberum gjöldum valda miklum óþægindum í starfi þessara yfirvalda, og gæti því oft mjög dregið úr hömlu, að gjöld þessi yrðu endanlega ákveðin, er þau væru svo mjög hvert öðru bundin.

Með tilliti til þess, sem nú hefur verið sagt, verður að álita, að væntanlegir skattar séu ekki skuld í merkingu greindra laga, og að skattstofninn, sem leggja ber á eignarskatt, séu eignir skattþegns í lok reikningsárs að ófráðregnum væntanlegum opinberum gjöldum.

Samkvæmt þessu verður niðurstaðan hér í réttinum sú, að hið umbeðna lögtak skal ná fram að ganga.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fara fram. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 11. október 1944.

Nr. 114/1943. **Theódór Friðriksson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Þorláki Hálfðánarsyni
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Meinyrði um látinn mann.

Dómur hæstaréttar.

Afrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. des. f. á., krefst sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Ómerkingarákvæði hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta og dæma áfrýjanda í sekt fyrir ummæli þau, sem getur í 1., 4. og 5. tölulið héraðsdómsins, samkvæmt 240. gr. sbr. 3. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari breytingu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann 650 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Áfrýjandi, Theódór Friðriksson, greiði stefnda, Þorlái Hálfdánarsyni, kr. 650.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Ég tel, að staðfesta beri öll refsíákvæði hins áfrýjaða dóms með vísun til forsendna hans. Með þessari athugasemd er ég samþykkur ofangreindri niðurstöðu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. október 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað á bæjarþinginu með stefnu útgefinni 18. maí 1943 af Þorlái Hálfdánarsyni, sjómanni hér í bæ, gegn Theódór Friðrikssyni, rithöfundi, Þingholtsstræti 28 hér í bænum, út af ummælum í bók stefnds: Í verum, er út kom hér í bænum árið 1941, um föður stefnanda, Hálfdán sál. Kristjánsson, verkamann á Sauðárkróki, sem andaðist þar árið 1934.

Hin átöldu ummæli eru þessi:

- 1) „Hálfdán Kristjánsson, er kallaður var strigakjafur“. — —
- 2) „en ekki var hann, þegar hér var komið sögu, mikill dugnaðarmaður til verka, og gat ekki heitið, að hann leitaði sér dag-

launavinnu. En hann átti lítinn árabát, gutlaði dálítið á honum við fiskveiðar.“ — — — 3) „Hálf dán var illa kristinn maður í skoðunum, og lengi neitaði hann prestinum um að skira börnin“ — — — „Þegar Árni var orðinn prófastur, tók hann rögg á sig og fékk Hálf dán til að koma með allan hópinn til skírnar um leið og elzta barnið var fermt. Var orð á því haft, að þessi athöfn hefði farið vel fram. Hálf dán var og valinn til að vera hringjari við Sauðárkrókskirkju, en það var mér vel kunnugt, að ekki gekk hann í kirkju til annars en rækja þann starfa sinn. Virtist hann lítinn trúnað leggja á það, er presturinn sagði af stólnum“. — — — 4) En Dána gamla þótti sopinn góður, og þurfti oft að endur-reisa hann.“ — — — 5) „Hálf dán strigakjastur“.

Telur stefnandi öll hin umstefndu ummæli ærumeiðandi við Hálf dán sáluga föður sinn. Gerir hann þær réttarkröfur: 1) að ummælin verði öll ómerkt, 2) að stefndur verði dæmdur í þingstu lögleyfðu refsingu fyrir þau, 3) að stefndur verði dæmdur til að greiða honum hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti, og 4) að stefndur verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í máli þessu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Um 1. Ummæli þessi eru livilsvirðandi og óviðurkvæmleg, og ber því að ómerkja þau.

Um 2. Ummæli þessi virðist verða að skilja á þann veg, að þau eigi við Hálf dán sáluga kominn á efri ár. Og þegar litið er til þess, að hér er talað um fátækan verkamann, sem átti við þröngan kost og erfið kjör að búa, þá er svo eðlilegt, að vinnuþrek hans hefði verið bilað orðið á efri árum, að ummæli þessi geta ekki talizt meiðandi fyrir æru hans né á nokkurn hátt til þess fallin að kasta rýrð á minningu hans. Þykir því ekki ástæða til að ómerkja þau.

Um 3. Hálf dán sálugi var kristinn maður og auk þess þjónn (hringjari) kristinnar kirkju í byggðarlagi sínu. Þykja því þessi ummæli, sem a. m. k. að því er varðar skírn barna hans eru beinlínis sönnuð röng, til þess fallin að varpa ósannaðri rýrð á minningu hans. Ber því að ómerkja þau.

Um 4. Væru ummæli þessi sönn, hefði Hálf dán sálugi brotið gefið drengskaparheit um bindindi á áfenga drykki. Meiðir það því æru hans að viðhafa slík ummæli sem hér greinir, enda eru þau, gegn andmælum stefnanda, með öllu ósönnuð. Þau verða því ómerkt.

Um 5. Um þessi ummæli gildir það óbreytt, er sagt var undir 1 hér að framan.

Enda þótt telja verði, að stefndur tali yfirleitt fremur hlýlega um Hálf dán sáluga í bók sinni, þá þykir ekki verða hjá því komizt að beita hann refsingu fyrir ummæli þau, er samkvæmt

framansögðu verða ómerk dæmd. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100.00 kr. sekt í ríkissjóð, en til vara 5 daga varðhald. Kostnað af birtingu dóms þessa ber stefndum að greiða stefnanda. Þykir hann hæfilega áætlaður kr. 60.00. Loks verður að gera stefndum að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 150.00.

Dóm þenna kvað upp Gunnar A. Pálsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind ummæli undir 1, 3, 4 og 5 skulu vera dauð og ómerk.

Stefndur, Theódór Friðriksson, greiði 100.00 króna sekt í ríkissjóð innan aðfararfrests í máli þessu, en sæti ella 5 daga varðhaldi.

Stefndur greiði stefnandanum kr. 60.00 til að standast kostnað af birtingu dóms þessa og kr. 150.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. október 1944.

Nr. 18/1944. **Tómas Jónsson og Þorsteinn Sigurðsson**
(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Vélsmiðjunni Keili h/f

(Kristján Guðlaugsson).

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. febr. þ. á., hafa krafizt niðurfærslu á kröfu stefnda, sem er kr. 7286.79, um kr. 4740.86, þannig að þeim verði einungis gert að greiða stefnda kr. 2545.93 vaxtalaust. Áfrýjendur krefjast þess einnig, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.